

## Skarðshlíð 2. áfangi deiliskipulag.

Hafnarfirði 23.02.2018.

### Minnisblað.

Auglýsing á deiliskipulagi 2. áfanga var samþykkt í skipulags- og byggingarráði þann 13.des. 2016. og í bæjarstjórn þann 21 des. 2016. samanber eftirfarandi tilvísun í fundargerð bæjarstjórnar:

#### “Inngangur

6.liður úr fundargerð skipulags- og byggingaráðs frá 13.des. sl.  
Lögð fram tillaga Yddu arkitekta ehf. að breyttu deiliskipulagi Skarðshlíðar ásamt greinargerð/skilmálum. dags. 13.12.2016.  
Skipulagshöfundar mættu á fundinn.

Skipulags- og byggingarráð samþykkir framlagða tillögu og auglýsingu hennar í samræmi við 1. mgr. 43. gr. 123/2010 fyrir sitt leyti og leggur til við bæjarstjórn:

'Bæjarstjórn Hafnarfjarðar samþykkir framlagða tillögu og auglýsingu hennar í samræmi við 1. mgr. 43. gr. 123/2010.'

Niðurstaða: Samþykkt

#### Athugasemdir:

Til máls tekur bæjarfulltrúi Rósa Guðbjartsdóttir.

Framlögð tillaga til bæjarstjórnar borin undir atkvæði: 'Bæjarstjórn Hafnarfjarðar samþykkir framlagða tillögu og auglýsingu hennar í samræmi við 1. mgr. 43. gr. 123/2010.'

Samþykkt með 11 samhljóða atkvæðum.”

Þann 6. apríl 2017 samþykkir síðan bæjarráð í umboði bæjarstjórnar deiliskipulag Skarðshlíðar samanber eftirfarandi tilvísun í fundargerð bæjarráðs:

#### “Inngangur

7.liður úr fundargerð skipulags- og byggingaráðs frá 4.apríl sl.

Tekin fyrir á ný tillaga Yddu arkitekta ehf. að breyttu deiliskipulagi Skarðshlíðar ásamt greinargerð/skilmálum. dags. 13.12.2016. Deiliskipulagið var auglýst í samræmi við 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 frá 28.12.2016-13.02.2017. Athugasemd bárust og fól skipulags- og byggingarráð skipulagsfulltrúa að taka saman svör við athugasemdunum..

Lögð fram greinargerð skipulagsfulltrúa vegna athugasemda sem bárust dags. 03.04.2017.

Skipulags- og byggingarráð samþykkir fyrir sitt leyti fyrirbyggjandi tillögu að deiliskipulagi Skarðshlíðar 2. áfanga og að málsmeðferð verði lokið í samræmi við 42.gr skipulagslaga 123/2010. og gerir eftirfarandi tillögu til bæjarstjórnar Hafnarfjarðar: 'Bæjarstjórn Hafnarfjarðar samþykkir tillögu að deiliskipulagi Skarðshlíðar 2. áfanga og að málsmeðferð verði lokið í samræmi við 42.gr. laga 123/2010.'

Skipulags- og byggingarráð vekur athygli á bókun bæjarstjórnar 29.3.2017 varðandi afgreiðslu þessa máls.

Á bæjarstjórnarfundi þann 29.3.2017 samþykkti bæjarstjórn eftirfarandi tillögu: 'Komi til þess að á fundi skipulags- og byggingarráðs, sem haldinn verður þann 4 apríl nk., verði samþykkt að vísa tillögu að breyttu deiliskipulagi Skarðshlíðar 2 til samþykktar í bæjarstjórn, samþykkir bæjarstjórn samhljóða að veita bæjarráði umboð til að afgreiða málið f.h. bæjarstjórnar samkvæmt ákvæðum skipulagslaga.'

Skipulags- og byggingarráð samþykkir framlagða tillögu og auglýsingu hennar í samræmi við 1. mgr. 43. gr. 123/2010 fyrir sitt leyti og leggur til við bæjarstjórn:

'Bæjarstjórn Hafnarfjarðar samþykkir framlagða tillögu og auglýsingu hennar í samræmi við 1. mgr. 43. gr. 123/2010.'

Niðurstaða: Samþykkt

#### Athugasemdir:

Bæjarráð í umboði bæjarstjórnar samþykkir fyrirbyggjandi tillögu.

Þann 13. júlí 2017 samþykkir bæjarráð í umboði bæjarstjórnar fyrstu breytingu á deiliskipulag Skarðshlíðar samanber eftirfarandi tilvísun í fundargerð bæjarráðs:

“Inngangur:

2.liður úr fundargerð skipulags- og byggingaráðs frá 11.júlí sl.

Lögð fram tillaga að deiliskipulagsbreytingu á lóðunum Drangaskarð 3, 7, 11, 15 og Hádegisskarð 12, 16, 20 og 24. Tillagan felst í fjölgun íbúða á hverri þessara lóða um 2 og verða þá alls 6 íbúðir á hverri lóð. Um er að ræða óverulega breytingu á deiliskipulagi.

Breyting þessi fellur undir markmið laga nr. 52/2016 um almennar íbúðir.

Skipulags- og byggingarráð samþykkir fyrir sitt leyti óverulega breytingu, skv. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, á deiliskipulaginu Skarðshlíð 2. áfangi fyrir lóðirnar Drangaskarð 3, 7, 11, og 15 og lóðirnar Hádegisskarð 12, 16, 20, 24 og fellur frá grenndarkynningu þar sem aðeins Hafnarfjarðarbær á hagsmuna að gæta sbr. heimild í 3. mgr. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Skipulags- og byggingarráð leggur til við bæjarstjórn:

'Bæjarstjórn Hafnarfjarðar samþykkir óverulega breytingu á deiliskipulaginu Skarðshlíð 2. áfangi, fyrir lóðirnar Drangaskarð 3, 7, 11, og 15 og lóðirnar Hádegisskarð 12, 16, 20, 24 og að með málið verði farið samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010'

Skipulags- og byggingarráð samþykkir framlagða tillögu og auglýsingu hennar í samræmi við 1. mgr. 43. gr. 123/2010 fyrir sitt leyti og leggur til við bæjarstjórn:

'Bæjarstjórn Hafnarfjarðar samþykkir framlagða tillögu og auglýsingu hennar í samræmi við 1. mgr. 43. gr. 123/2010.'

Niðurstaða: Samþykkt

Athugasemdir:

Bæjarráð í umboði bæjarstjórnar samþykkir óverulega breytingu á deiliskipulaginu Skarðshlíð 2. áfangi, fyrir lóðirnar Drangaskarð 3, 7, 11, og 15 og lóðirnar Hádegisskarð 12, 16, 20, 24 og að með málið verði farið samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Jafnframt samþykkir bæjarráð í umboði bæjarstjórnar að fallið sé frá grenndarkynningu þar sem aðeins Hafnarfjarðarbær á hagsmuna að gæta sbr. heimild í 3. mgr. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Þann 20. des. 2017 samþykkir bæjarstjórn í umboði bæjarstjórnar aðra breytingu á deiliskipulag Skarðshlíðar samanber eftirfarandi tilvísun í fundargerð bæjarráðs:

“Inngangur:

1.liður úr fundargerð skipulags- og byggingaráðs frá 18.des.sl.

Lögð fram tillaga að breytingu á skilmálum íbúðarhúsa í 2. áfanga.

Skipulags- og byggingarráð samþykkir tillögu að breyttu deiliskipulagi og skilmálum dags. 13. desember 2017 samræmi við 1 mgr. 43 gr. skipulagslaga og að tillagan verði auglýst í samræmi við 1. mgr 41 gr. skipulagslaga 123/2010. Jafnframt verður lóðarhöfum kynnt um breytingu á skilmálum og skipulagi bréfleiðis. Skipulags- og byggingarráð leggur til við bæjarstjórn: Bæjarstjórn Hafnarfjarðar samþykkir breytingu á deiliskipulagi Skarðshlíðar 2. áfanga og að með málið verði farið skv. 1. mgr. 43 gr skipulagslaga og að tillagan verði auglýst í samræmi við 1. mgr. 41. skipulagslaga 123/2010.

Skipulags- og byggingarráð samþykkir framlagða tillögu og auglýsingu hennar í samræmi við 1. mgr. 43. gr. 123/2010 fyrir sitt leyti og leggur til við bæjarstjórn:

'Bæjarstjórn Hafnarfjarðar samþykkir framlagða tillögu og auglýsingu hennar í samræmi við 1. mgr. 43. gr. 123/2010.'

Niðurstaða: Samþykkt

Athugasemdir:

Bæjarstjórn samþykkir samhljóða með 11 greiddum atkvæðum breytingu á deiliskipulagi Skarðshlíðar 2. áfanga og að með málið verði farið skv. 1. mgr. 43 gr skipulagslaga og að tillagan verði auglýst í samræmi við 1. mgr. 41. skipulagslaga 123/2010.

Þann 9. feb. 2018 samþykki skipulags- og byggingarráð þriðju breytingu á deiliskipulag Skarðshlíðar samanber eftirfarandi tilvísun í fundargerð skipulags- og byggingarráðs:



**HAFNARFJÖRÐUR**

**"Inngangur**

Á fundi skipulags- og byggingarráð þann 18.12.2017 var samþykkt breyting á skilmálum íbúðarhúsa í 2. áfanga Skarðshlíðarhverfis. Breytingin var auglýst frá 21.12.2017-01.02.2018. Engar athugasemdir bárust.

Niðurstaða: Samþykkt

**Athugasemdir:**

Skipulags- og byggingarráð samþykkir að afgreiðslu deiliskipulagsins verði lokið með vísan til 3. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Samtals hafa verið gerðar þrennar breytingar á deiliskipulagi Skarðshlíðar frá samþykkt þess.

1. **13. júlí 2017**, fjölgun íbúða á lóðum Drangsskarð 3,5,11 og 15 og Hádegisskarð 12,16,20 og 24. Fjölgun íbúða um 2 á hverri lóð.
2. **20. des. 2017**, breytingarnar fela í sér tilfærslu byggingarreita húsa, fyrirkomulag bílastæða við hús og endurskoðun á skilmálum skipulagsins.
3. **9. feb. 2018**, breytingin felur í sér að sorptunnur verða heimilaðar tímabundið á lóðum. Notkun á djúpgámalóðum frestað um óákveðin tíma eða þar til hverfið telst nær fullbyggt.

ÞS skipulagsfulltrúi.